

Akureyrarbær
Bæjarstjóri Ásthildur Sturludóttir
Geislagötu 9
600 Akureyri

Akureyri, 4. nóvember 2019

Efni: Verðbreytingar hjá Norðurorku um næstu áramót.

Norðurorka hf. hefur um árabil notað skilgreinda aðferðarfræði við verðbreytingar eða svokallaða „vísitölu Norðurorku“. Með vísitölu Norðurorku er átt við að dregnar eru fram þær vísitölur sem rekstur Norðurorku byggir á og þar með meðaltalshækkan á rekstrarkostnaði síðustu tólf mánuðina samkvæmt henni. Þessu til viðbótar er síðan byggt á verðbóluspá Seðlabanka Íslands næstu tólf mánuðina fram í tímann. Þessar tvær viðmiðanir vigta síðan jafnt við ákvörðun á þörf fyrir hækkan á verðskrám.

Á stjórnarfundí þann 23. október sl. var gerð eftirfarandi bókun hér að lútandi og þar með tekin ákvörðun um hækkan verðskrár allra veitna Norðurorku hf.

Fjárhagsáætlun 2020

Forstjóri og sviðsstjóri þjónustu- og fjármálasviðs fóru yfir fjárhagsáætlun móðurfélagsins fyrir árið 2020. Í ljósi kjarasamninga á vinnumarkaði hafa frá fundi 239 átt sér stað samtöl milli stjórnamanna í þá veru að verðskrár allra veitna verði einungis hækkaðar um 2,5%. Í því ljósi, og í takt við afkomu félagsins, verður að taka ákvörðun um arðgreiðslu á næsta aðalfundi. Tekjur á árinu 2020 eru áætlaðar 3.261 m.kr. og rekstrargjöld 2.654 m.kr. Vaxtagjöld og verðbætur eru áætlaðar 244 m.kr. og afskriftir 725 m.kr. Áætlaður hagnaður fyrir áhrif dóttur- og hlutdeildarfélaga og skatta er 363 m.kr. Til fjárfestinga er áætlað að verja 1.451 m.kr. Afborganir lána eru áætlaðar 169 m.kr. Á árinu 2020 er áætlað að taka nýtt lán að upphæð 335 m.kr. Sé horft fram hjá arðgreiðslu lækkar handbært fé um 126 m.kr. Helstu fjárfestingar ársins 2020 eru: Þriðji áfangi nýrrar Hjalteyrarlagnar, seinni áfangi í byggingu hreinsistöðvar og framkvæmdir við fasteignir á Rangárvöllum. Samhliða er lögð fram gróf samstæðuáætlun áranna 2021 til 2023. Eins og fram kemur í fundargerðum 238 og 239 stjórnarfunda er áætlað að rekstrarkostnaður félagsins vaxi um reiknaða vísitöluhækkan 3,06%.

Fjárfestingar áranna 2021-2023 eru áætlaðar 2.409 m.kr. og ber áætlunin með sér að fyrirtækið er enn um sinn í miklum framkvæmdum sem síðan ná jafnvægi um 2023 hvað varðar rekstur og lántökur. Á samstæðugrunni er áætlað að hagnaður verði 438 m.kr. fyrir tekjuskatt og áhrif af hlutdeildarfélögum. Þess ber að geta að stjórn Fallorku á enn eftir að samþykkja fjárhagsáætlun félagsins. Á fundinum var farið yfir fjárfestinga-áætlun, tekjuáætlun, rekstraráætlun, greinargerð um fjárhagsáætlunina og áhrif verðbreytinga á nokkrar stærðir heimila.

Stjórn samþykkir fjárhagsáætlun 2020

Niðurstaðan varð því, eins og sjá má á bókuninni hér að ofan, að hækka verðskrá vatnsveitu og fráveitu um 2,5% þrátt fyrir að metin sé þörf á frekari hækkun í fráveitunni vegna fjárfestinga í hreinsistöð og rekstrarkostnaðar stöðvarinnar sem tekin verður í notkun um mitt ár 2020.

Í því ljósi, og í takt við afkomu félagsins, verða eigendur að taka ákvörðun um arðgreiðslu á næsta aðalfundi.

Í samræmi við samninga við Akureyrarbæ þá tilkynnist hér með að verðskrár vatnsveitu og fráveitu taka framangreindum breytingum um næstkomandi áramót.

*Virðingarfyllst,
f.h. Norðurorku hf.*

Gunnur Ýr Stefánsdóttir
Gunnur Ýr Stefánsdóttir
Verkefnastjóri á skrifstofu forstjóra

Hjálagt eru verðskrár vatnsveitu og fráveitu sem taka gildi 1. janúar 2020